



Skýrsla starfshóps um uppbyggingu á athafnasvæði Hestamannafélagsins Sörla



Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar skipaði þann 12. september 2018 starfshóp um uppbyggingu á athafnasvæði sörla í samræmi við tillögur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem samþykktar voru á þingi bandalagsins árið 2017 um forgangsröðun verkefna er varðar uppbyggingu aðstöðu fyrir aðildarfélög þess.

Samkvæmt erindisbréfinu var hlutverk starfshópsins að skoða framtíðaruppbyggingu á athafnasvæði félagsins og fara yfir og forgangsraða verkefnum sem lúta að nýframkvæmdum, endurbótum og þjónustu á svæðinu hvað varðar aðgengi og öryggismál.

Starfshópurinn var skipaður þremur fulltrúum sem skipaðir voru af umhverfis- og framkvæmdaráði:

Helga Ingólfssdóttir frá Sjálfstæðisflokki, formaður.

Ómar Freyr Rafnsson frá Framsókn og óháðum og Stefán Már Gunnlaugsson frá Samfylkingu.

Fulltrúar frá Hestamannafélaginu Sörla:

Halldóra Einarsdóttir og Eggert Hjartarson

Með starfshópnum störfuðu ennfremur

Sigurður Haraldsson Sviðstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu

Geir Bjarnason Íþrótt- og tómstundafultrúi

Sigríður Kristín Hafþórsdóttir Framkvæmdastjóri Sörla

Helstu verkefni starfshóps eins og nánar eru útlistuð í fyrirbyggjandi fundargerðum voru:

Þarfagreining:

Lagt fram mat Íþrótt- og tómstundafultrúa Hafnarfjarðar á óskum Hestamannafélagsins Sörla varðandi byggingu nýrrar reiðhóllar en þar kemur meðal annars fram:

„Hestamennska er ein vinsælasta íþróttgreinin hér á landi og er í senn keppnisíþrótt og almenningsíþrótt þar sem fjölskyldur sameinast um áhugamálið. Samneyti við hestinn, líkamleg þjálfun og tengsl við náttúruna í upplandi Hafnarfjarðar er það sem hestamenn sækjast eftir. Viðgangur og vöxtur hestamenskunnar, ekki síður en annara íþróttgreina byggist á því að aðstaða sé góð og miðlun þekkingar og færni sé markviss til iðkenda“.

Skoðun á núverandi aðstöðu, húsnæði, útisvæði og dómhús

Núverandi aðstaða að Sörlastöðum var tekin í notkun árið 1994 þegar félagsmenn voru um 300 og er í dag engan veginn viðunandi aðstaða og annar ekki kröfu um æfingatíma miðað við fjölda félagsmanna sem eru nú um 900. Ennfremur hefur íþróttin þróast og í dag eru gerðar auknar kröfur um öryggi og möguleika á inniæfingum sem veldur því að færri iðkendur eru um hvern fermetra í sal auk þess sem þjálfum hrossa fer að miklu leyti fram í reiðhöllum áður en farið er út á reiðgötur. Mikilvægt er fyrir nýliðun að geta boðið uppá æfingatíma fyrir börn og unglunga en vegna aðstöðuleysis hefur ekki verið unnt að sinna því í samræmi við eftirspurn og því er nokkuð um það að iðkendur leyti til annara félaga. Aðstöðuleysi hefur ennfremur hamlað því að félagið geti sinnt þjálfun fyrir fatlaða einstaklinga í samræmi við samstarfssamning þess efnis.

Skoðun á athafnasvæði Spretts í Kópavogi

Starfshópurinn heimsótti reiðhöll Spretts í Kópavogi og fékk góða yfirferð yfir aðstöðuna þar ásamt því að fjölmörg hönnunar- og tækniatriði voru í kjölfarið tekin til skoðunar við frumhönnun á reiðhöll og fjölnotarými á athafnasvæði Sörla. Með hönnun sem gerir ráð fyrir skiptingu rýma innan

reiðhallar má ná mun betri nýtingu á mannvirkinu. Sérstaklega er hugað að aðgengi fyrir alla í allri forhönnun.

Eignayfirlýsing

Starfshópurinn kom að lokavinnu við eignayfirlýsingu sem nú hefur verið samþykkt í bæjarstjórn. Samkvæmt eignayfirlýsingu á Hestamannafélagið Sörli rúmlega 31% í mannvirkjum á svæðinu. Þessi eignarhlutur er tilkominn vegna eigin framlags félagsmanna við viðhald, endurbætur og uppbyggingu á svæðinu sem ávallt hefur verið unnið í samráði við Hafnarfjarðarbæ.

Samantekt á hesthúsalóðum og yfirferð yfir verð lóða

Starfshópurinn skoðaði verð og eftirspurn vegna lausra hesthúsalóða við Fluguskeið og Kaplaskeið sem tilbúnar eru til úthlutunar og skilaði inn athugasemdum um lóðaverð og skilmála til umhverfis- og skipulagsþjónustu og hefur verið tekið fyrir í skipulags- og byggingarráði. Starfshópurinn vekur athygli á sérstöðu hestaípróttar sem felst í því að fasteignagjöld vegna hesthúsa í eigu áhugafólks í greininni skapa umtalsverðar tekjur til sveitarfélagsins.

Frumkostnaðaráætlun

Starfshópurinn lét vinna húsrýmisáætlun og frumkostnaðarmat á reiðhöll og fjölnotarými í samræmi við fyrirliggjandi frumhönnun sem gerir ráð fyrir nýbyggingu sem innifelur reiðhöll 3.029 fm, 884 fm félagshesthús á neðri hæð og 669 fm fjölnotarými á efri hæð sem munu tengja saman reiðhöll og núverandi byggingu. Frumkostnaðarmat gerir ráð fyrir að heildarkostnaður við nýbygginguna verði samtals kr. 1.224.719.000,- eða 267.000 kr. á fermetra með 15% óvissuálagi. Fyrir liggur að möguleiki er á að áfangaskipta verkinu.

Tillaga að eignaskiptingu:

Fyrir liggur að Hestamannafélagið Sörli óskar eftir að eignar hlutdeild félagsins í fyrirhugaðri nýbyggingu á athafnasvæði Sörla samkvæmt framlagðri frumhönnun verði 10% og Hafnarfjarðarbær verði þannig eigandi að 90% hlut allra mannvirkja á svæðinu að lokinni uppbyggingu. Hestamannafélagið Sörli skuldbindur sig til þess að uppfylla þau viðmið sem Hafnarfjarðarbær setur samkvæmt fyrirliggjandi samþykkt ÍBH.

Reiðleiðir og aðgengismál:

Starfshópurinn fór yfir reiðleiðir í upplandi Hafnarfjarðar samkvæmt aðalskipulagi með fulltrúa frá skipulagi og lagði áherslu á að fjölga reiðleiðum með áherslu á styttri reiðleiðir. Ennfremur leggur starfshópurinn áherslu á að hámarkshraði á Kaldárselsvegi verði lækkaður í 30 km/klst og lýsing verði bætt og aukin á reiðvegum.

Afstaða starfshóps:

Starfshópurinn fundaði alls 8 sinnum og skilar nú af sér skýrslu starfshóps. Vinna hópsins var með ágætum og full samstaða innan hópsins um mikilvægi þess að Hafnarfjarðarbær komi að uppbyggingu á reiðhöll og fjölnotarými fyrir iðkendur hestaípróttarinnar í Hafnarfirði á athafnasvæði Sörla. Í mati íþróttta og tólmstundafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að brýn þörf sé á úrbótum til þess að aðstaða fyrir hestaíþróttina standist nútímakröfur. Núverandi aðstaða hefur hamlað starfsemi félagsins um árabil og komið í veg fyrir vöxt og þróun eins og hefur verið í hestamannafélögum í

nágrannasveitarfélögum. Hestamannafélagið Sörli óskaði fyrst árið 2007 á ÍBH þingi eftir stækkun á íþróttamannvirkjum Sörlastaða sem fólst í reiðskemmu, félagsheimili og aðstöðu vegna félagshesthúss og hefur félagið ítrekað beiðni sína á öllum ÍBH þingum eftir það.

Starfshópurinn leggur til að uppbygging verði samræmi við forgangsröðun ÍBH sem samþykkt var árið 2017 þar sem segir: „Frá 2018-2020 bygging nýrrar reiðhallar með félagsaðstöðu og annari tilheyrandi aðstöðu.“

Fylgirit:

Mat íþrótt- og tómsfundafulltrúa á óskum Hestamannafélagsins Sörla varðandi byggingu nýrrar reiðhallar

Frumkostnaðarmat og útlitsmyndir

Samþykkt af starfshópnum 12/4 2019

Helga Ingólfssdóttir, formaður. Ómar Freyr Rafnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Halldóra Einarsdóttir og Eggert Hjartarson